

GERA VETRARKLÁRT

Ferðavagninn undirbúinn fyrir veturinn.



GERA VETRARKLÁRT

Ferðavagninn undirbúinn fyrir veturinn.

Vetrarklárt

Á haustin þarf að undirbúa ferðavagninn fyrir veturinn því mikilvægt er að hann komi vel undan vetri hvort sem hann er geymdur innadyra eða úti.

Við viljum benda á að það er hægt að láta gera ferðavagninn vetrarkláran á Verkstæði Víkurverks. Sparar tíma, fyrirhöfn og öruggt að allt þetta sé fagmannlega og rétt gert. Slík þjónusta er einnig skráð í þjónustubók ferðavagnsins. Tímabókanir í síma 5577720 og á verkstaed@vikurverk.is

Á sérstaklega við vetrarstandsetningu hjólhýsa og húsbíla:

Eitt það mikilvægasta er að tæma allar vatnslagnir í ferðavagninum bæði á neysluvatni og salerni. Það er gert með því að opna alla krana sem á kerfinu eru (aftöppunarkranar við aldehytarann og boilerinn eiga að vera í lóðréttri stöðu, einnig kranar við rafmagnshitara, sé hann í húsinu, en þann tappa þarf venjulega að skrífa) og taka botntappann úr vatnstanknum, láta allt renna úr vatnstanknum en setja tappann aftur í þegar hættir að leka.

Munið líka að opna blöndurnartæki í eldhúsi og baðherbergi og láta vatnsdæluna tæmast alveg og láta hana dæla lofti örlitla stund. Hafið síðan kranana við boilerana opna til að loft geti leikið um vatnslögnina ef vagninn stendur inni. Standi vagninn úti er ráðlegt að setja tappann í vatnstankinn þegar hann hefur verið tæmdur alveg, en hafa alla aðra krana opna. Setja neysluvatnsfrostlög og láta svo allt standa opið þegar búið er að keyra neyslufrostlögi í gegnum allt kerfið.

Salerni tæmt með því að láta allt renna úr vatnskassa með aftöppun eða með því að sturta niður þangað til dælan dælir bara lofti. Tæmið síðan kasettuna og þrífið hana vel og látið hana svo standa tóma yfir veturinn. Setja frostpolinn rúðuvökva á og láta standa í bæði vatnskassa og salerniskasettu ef ferðavagninn er geymdur úti eða í óupphitaðri geymslu.

Mikilvægt að láta dýnur úr rúmum og sætum standa upp á rönd í stað þess að liggja flatar til að koma í veg fyrir sagga og ólykt. Fjarlægið einnig úr húsinu öll matvæli til að þau valdi ekki skemmdum og ólykt. Látið ísskáp og frystihólf standa opin sem og bakaraofn ef hann er til staðar. Einnig skal draga fyrir öll myrkvunartjöld til að koma í veg fyrir hitasveiflur og sporna gegn sagga.

Ef ferðavagninn á að standa úti yfir vetrartímann er mikilvægt að finna honum skjólgóðan stað til dæmis við húsvegg eða í trjárjóðri þar sem vetrarveður mæðir ekki um of á honum. Setjið allar stuðningsfætur niður og látið vagninn hvíla vel á þeim. Metið sjálf hvort nauðsynlegt er að binda vagninn niður vegna hvassviðris. Teljið þið svo skal binda í grind eða stuðningsfætur ferðavagnsins og hæla vel niður.

GERA VETRARKLÁRT

Ferðavagninn undirbúinn fyrir veturinn.


Setjið vetrarlokur á öndunarristar kælskápa ef geyma á vagninn utandyra. Athugið að það er í lagi að hafa vetrarlokur á hérlandis allt árið um kring, nema þegar heitt er í veðri þá skal fjarlægja lokurnar áður en kælskápurinn er notaður. Gott væri líka að loka útöndun miðstöðvarinnar (stúturinn er uppi á þaki ferðavagnsins), svo ekki skafi inn um hann. Gætið þess einnig að allir gluggar, hurðar og lúgur séu vel lokuð. Ef það er gasboiler í ferðavagninum þá þarf að ganga úr skugga um að lokið á útöndun hans sé fast á sínum stað.

Standi ferðavagninn úti þarf að passa að ekki safnist mikill snjór á þakið. Þakið ber ekki ótakmarkaða þyngd þó svo að fullorðnum einstaklingi sé óhætt að ganga á því og blaut snjóþekja getur auðveldlega orðið of þung. Þakið gæti svignað og jafnvel brotnað undan þunganum. Sé hætta á því þá sópið eða mokið snjónum af þakinu myndist slíkar aðstæður.

Það er mjög mikilvægt að taka sólarcelluna úr sambandi því annars getur sellan haft eyðileggjandi áhrif á stjórnbordið og rafkerfið allt. Ef sólarcellan er ekki tekin úr sambandi mun hún reyna að hlaða inn á kerfið ef birtuskyliði breytast, hvort sem vagninn stendur inni í geymslu eða utandyra.

Þeir sem eru með CBE hleðslustýringu þurfa fyrst er lokið tekið af reglatornum og plúsinn+ er tekinn af (Regulatorinn er yfirleitt staðsettur inni í stóra fataskápnum, getur þó verið staðsettur á öðrum stað).

Þeir sem eru með MPPT hleðslustýringu: PV plúsinn+ er tekinn af (Regulatorinn er yfirleitt staðsettur inni í stóra fataskápnum, getur þó verið staðsettur á öðrum stað)
Sjá meðfylgjandi myndir:



Að lokum skal fjarlægja rafgeyminn úr ferðavagninum og til að tryggja sem lengsta nýtingu hans er æskilegt að hlaða hann með hleðslutæki annan hvern mánuð.

Gas skal aftengja og fjarlægja gaskútana úr ferðavagninum.

Farið vel yfir tryggingamál athugið hvort ferðavagninn er tryggður þegar hann stendur í geymslu óháð því hvar geyma skal ferðavagninn. Mikilvægt að kynna sér tryggingaskilmála vel.

GERA VETRARKLÁRT

Ferðavagninn undirbúinn fyrir veturinn.

Á sérstaklega við um vetrarstandsetningu tjaldvagna:

Nauðsynlegt er opna tjaldvagninn og láta lofta vel um allan vagninn í 1-2 daga og passa að allt sé vel þurrt áður en honum er lokað til að koma í veg fyrir rakamyndun. Mikilvægt er að passa að dýnur og svefntjöld séu ekki rök til að koma í veg fyrir myglu og fúkkalykt. Best er að geyma tjaldvagninn í upphitaðri geymslu.

Á sérstaklega við vetrarstandsetningu fellihýsa:

Nauðsynlegt er að opna og lofta vel um fellihýsið í 1-2 daga áður en það er sett í geymslu til að koma í veg fyrir rakamyndun. Gott er að passa að dýnur séu ekki rakar til að koma í veg fyrir myglu og fúkkalykt. Muna að fjarlægja rafgeyminn og hlaða hann heima í 2-3 daga annan hvern mánuð, til að lengja líftíma geymisins. Einnig skal fjarlægja gaskúta úr fellihýsinu áður en það fer til geymslu. Mælt er með að setja rakatæki inn í fellihýsið. Mælt er með að hafa rifu á hurðinni á kælinum til að sporna við vondri lykt. Mikilvægt er að tæma allar vatnslagnir og renna neysluvatnsfrostl



Við viljum benda á að það er hægt að láta gera ferðavagninn vetrarklárán á Verkstæði Víkurverks fyrir 24.900kr. Sparar tíma, fyrirhöfn og öruggt að allt þetta sé fagmannlega og rétt gert. Slík þjónusta er einnig skráð í þjónustubók ferðavagnsins. Tímabókanir í síma 5577720 og á verkstaedi@vikurverk.is

GERA VETRARKLÁRT

Ferðavagninn undirbúinn fyrir veturinn.


Vetrarklárt tékklisti:

- Tæma vatnstank, skrúfið lokið af að ofan og takið tappann úr
- Vagnar með Truma miðstöð = opna kranana við hliðina á rafmagnsboilernum (þeir eiga að vísa upp þegar þeir eru opnir) og látið vatnið renna niður
- Vagnar með Alde kerfi = opna krana við hliðina á Alde stöðinni (þeir eiga að vísa upp þegar þeir eru opnir) og láta vatnið renna niður (gulur flipi)
- Ef vagninn er geymdur úti þá skal loka vatnstanki og krönum við gasboiler og aldestöð og setja síðan neysluvatnsfrostlög á vatnstankinn, eftir að vagninn hefur verið vatnstæmdur og skrúfa fyrst frá heita vatninu til að láta lögin renna í gegnum kerfið.
- Tæma vatnskassa salernis með því að tappa af, setja frostþolinn rúðuvökva bæði á vatnskassann og í kasettuna.
- Láta vatnsdæluna ganga í 30 sek, láta hana dæla lofti (á sérstaklega við ef ekki er notaður neysluvatnsfrostlögur)
- Draga fyrir öll myrkvunartjöld (minnkar hitasveiflur og forðar sagga).
- Reisa sætispullur (loftar betur og forðar sagga)
- Hafa hurð á kælikáp og frystihólfi opnar (einnig á bakaraofni ef hann er til staðar)
- Hafa skápahurðir opnar til að auðvelda loftflæði.
- Æskilegt er að láta blöndunartækin standa opin ef ekki er verið að nota neysluvatnsfrostlög
- Stilla upp rakagildrum (ath gæti þurft að skipta um rakasand á tímabilinu)
- Aftengja gas og fjarlægja gaskúta og koma þeim á öruggan stað
- Setja vetrarlokur á öndunarristar fyrir kælikáp (ef geyma á vagninn utandyra).
- Skrúfa niður og stilla vel af stuðningslappir ef geyma á vagninn utandyra
- Munið að kanna með tryggingamál hvar svo sem geyma á vagninn
- Aftengja sólarselluna (svo hún valdi ekki skemmdum á stjórnborði og rafkerfi).

CBE hleðslustýring: Lokið tekið af regulatornum og plúsinn+ er tekinn af (Regulatorinn er yfirleitt staðsettur inni í stóra fataskápnum, getur þó verið staðsettur á öðrum stað)

MPPT hleðslustýring: PV plúsinn+ er tekinn af (Regulatorinn er yfirleitt staðsettur inni í stóra fataskápnum, getur þó verið staðsettur á öðrum stað)

- Endið á að aftengja og fjarlægja rafgeymi og geyma á þurrum og heitum stað



GERA VETRARKLÁRT

Ferðavagninn undirbúinn fyrir veturinn.



Neysluvatns frostlögur 5 lítrar
6.490 kr.

Íblöndun vatns við frostlög:
1 brúsi af vatni á móti einum
brúsa af frostlegi



Frostlögur Alde
2.195 kr.

Fröstlögur fyrir ALDE kerfi



Sandur í rakatæki
1.295 kr.

Áfyllingarefni í rakatæki, 1kg
af sandi í pokanum



Rakatæki - Yachtion
4.995 kr.

Rakatæki frá Yachtion, 1kg af
rakasandi fylgir með í
pakkanum



Vetrarrist
4.900 kr.

Vetrarrist fyrir ísskáp



Yfirbreiðsla 700 - 750 cm
46.995 kr.

Yfirbreiðslur fyrir hjólhýsi.
Fánlegarí nokkrum stærðum

GERA VETRARKLÁRT

Ferðavagninn undirbúinn fyrir veturinn.



Rakatæki - Ultra fresh

1.995 kr.

Rakatæki 1,8L, 2 x 400 gr
pokar af rakasandi fylgir með í
pakkanum



Rakasandur Ultra Fresh

1.295 kr.

Rakasandur í rakatæki 3 x 400
gr pokar af rakasandi er í
pakkanum



Hleðslutæki Optimate 10

16.995 kr.

Rafgeymavaktari sem vaktar
rafgeyminn þegar hann er
ótengdur og sér um að hann
haldist fullhlaðinn



Hleðslutæki Smart Charger

29.900 kr.

Rafgeymavaktar sem vaktar
rafgeyminn þegar hann er
ótengdur og sér um að hann
haldist fullhlaðinn

Vetrarklárt vörurnar eru fáanlegar bæði í verslun Víkurverks og í vefverslun www.vikurverk.is

